

Afgreiðslufundur

Árið 2026, föstudaginn 10. apríl kl. 14:40 var haldinn 1902. afgreiðslufundur Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Fundinn sátu Kristófer Ásmundsson, Anna Jóhannesdóttir og Óskar Ísfeld Sigurðsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

- Lögð fram umsókn Kaffi 108 ehf, kt. 570725-1220, dags. 23. mars 2026, um starfsleyfi fyrir veitingastað; kaffihús með einfaldri matargerð (Fossinn) Efstalandi 26, F2036739, rými 0101. Ný starfsemi.
Samþykkt að veita ótímabundið starfsleyfi með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði*. Skilyrt er að rekstraraðili geri allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða. Vegna grenndaráhrifa er opnunartími staðarins takmarkaður við kl. 23:00 alla daga. Gestir skulu hafa yfirgefið staðinn eigi síðar en 15 mínútum eftir að opnunartíma lýkur.
- Lögð fram umsókn Kaffi 108 ehf, kt. 570725-1220, dags. 2. mars 2026, um skráningu fyrir veitingastað (Fossinn) Efstalandi 26, F2036739, rými 0101.
Samþykkt að staðfesta skráningu sbr. *Reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Um starfsemina gilda Almenn starfsskilyrði fyrir skráningarskyldan atvinnurekstur og Starfsskilyrði fyrir veitingastaði*.

Fundi slitið kl. 14:50

Óskar Ísfeld Sigurðsson

Kristófer Ásmundsson

Anna Jóhannesdóttir